

Miðvikudaginn 16. maí 1973.

Nr. 4/1973. **Alþýðusamband Íslands vegna Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna f. h. Félags matreiðslumanna**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Sýknað af kröfu matreiðslunema um vaktaálag.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 10. apríl sl., af Alþýðusambandi Íslands vegna Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna f. h. Félags matreiðslumanna gegn Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að skilja beri kjarasamning málsaðilja frá 10. júní 1972 á þá lund, að vinni matreiðslunemar á vöktum, beri þeim 33% vaktaálag á laun sín fyrir hverja klukkustund á vaktinni, sem fellur utan tímamarkanna kl. 0800—1700 á mánudögum til föstudags að þeim dögum báðum meðtöldum.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi krefst algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að Félag matreiðslumanna semur um kaup og kjör matreiðslunema jafnframt kjörum matreiðslumanna. Er þó ekki gerður sérstakur samningur um kjör matreiðslunemanna, heldur eru sérákvæði um þá tekin upp í (19. gr.) kjarasamninga matreiðslumanna. Segir þar m. a. í nágildandi kjarasamningi, sem gerður var 10. júní 1972, að lágmarkskaup matreiðslunema skuli vera:

- „1. ár 30% af launataxta sveins á 1. ári.
2. ár 40% af launataxta sveins á 1. ári.
3. ár 50% af launataxta sveins á 1. ári.
4. ár 60% af launataxta sveins á 1. ári“.

Enn fremur segir svo í sömu grein kjarasamningsins:

„Fyrir alla aukavinnu (eftir- og næturvinnu) skal lágmarkskaup iðnnema á 1., 2. og 3. ári vera samkvæmt aðstoðarmannataxta verkamanna í fagvinnu (Dagsbrúnartaxta), en á 4. ári samkvæmt taxta matreiðslumanna á 1. ári“.

Samkvæmt 3. gr. kjarasamningsins skal vinna framkvæmd á tímabilinu frá kl. 0800 til kl. 1700 á mánudögum til föstudaga. Heimilt er þó að vinna á vöktum alla daga vikunnar og skal vinna á vakt, sem fellur utan dagvinnutíma, greiddast með 33% vaktaálagi.

Í áðurnefndri 19. gr. kjarasamningsins, þar sem fjallað er um kaup matreiðslunema og aukavinnu (eftir- og næturvinnu), er ekki vikið að vaktaálagi þeim til handa. En stefnandi heldur fram þeim skilningi á ákvæðum samningsins, að það leiði af sjálfu sér, að vinni nemar á vöktum, beri þeim vaktaálag. Telur hann það leiða beint af þeirri staðreynd, að laun nema séu ákveðin sem hundradshluti af kaupum sveina. Bendir stefnandi í þessu sambandi á það, að í 26. gr. laga nr. 68/1966 um iðnfræðslu sé svo mælt, að vinnutími iðnnema á vinnustöð skuli vera sá sami og sveina í viðkomandi iðnu samkvæmt kjarasamningi sveinanna. Samkvæmt þessari lagagrein sé nemum ekki skylt að vinna eftirvinnu eða helgidagavinnu. Þetta ákvæði verði að skýra með hliðsjón af því ákvæði sömu greinar, að vinnutími nemanna sé hinn sami og sveinanna og þá á þann veg, að þar sem kjarasamningur heimili að sveinar vinni á vöktum alla daga vikunnar, verði nemar einnig að hlíta slíkri vinnutílhögun. Hins vegar telur stefnandi það fráleitt, að nemar þurfi að þola bóatalaust, að venjulegum og lögmeðlum vinnutíma þeirra sé raskað með þessum hætti, enda sé það nú orðin algild regla héraendis að vinna á vöktum, sem falli utan dagvinnutíma, sé greidd með vaktaálagi. Væri það því gagnstætt meginreglum laga, ef nemar nytu ekki að þessu leyti sama réttar og aðrir.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að allt frá þeim tíma, er ákvæði um greiðslu álags á kaup, 33%, á vöktum utan dagvinnutíma, voru tekin upp í kjarasamninga málsaðilja 1970, hafi það verið sameiginlegur skilningur beggja aðilja, að ekki bæri að greiða nemum vaktaálag og hafi félögin gefið út kauptaxta, nú síðast 1. marz þ. á., er sýni tvímælalausa skoðun samningsaðiljanna í þessu efni. Sé og skýrt kveðið á um það í 19. gr. kjarasamnings aðilja frá 10. júní 1972, að laun nema í matreiðslu skuli vera tiltekinn hundraðshluti af launataxta sveins á 1. ári, en ekki af launum hans. Hafi þetta og verið skilið svo, að nemum bæri tiltekinn hundraðshluti af mánaðarkaupi sveins á 1. ári, en skýr ákvæði séu hins vegar í greininni, hvernig greiða beri fyrir aukavinnu nemanna. Álag á vaktavinnu nema í matreiðslu hafi hins vegar ekki komið til álita fyrr en í sl. desembermánuði. Þá hafi Iðnnemasamband Íslands óskað eftir viðræðum um vaktaálag þeim til handa, sem sambandið hafi talið, að þeir ættu að fá samkvæmt gildandi kjarasamningi. Um þetta atriði hafi svo aftur verið rætt 9. febrúar sl., en niðurstaðan orðið sú, að kröfum Iðnnemasambandsins um vaktaálag matreiðslunemum til handa hafi verið hafnað. Heldur stefndi því fram, að hann hafi ekki með núgildandi kjarasamningi frá 10. júní 1972 tekið á sig skuldbindingu um það að greiða nemum vaktaálag það, sem krafizt sé viðurkenningar á í máli þessu.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja var í fyrsta sinn með kjarasamningi aðilja, dags. 18. júní 1970, samið um heimild til að matreiðslumenn ynnu á skiptivöktum og að vaktavinna, sem félli utan venjulegs dagvinnutíma, skyldi greidd með 33% álagi. Í þessum sama samningi voru einnig í fyrsta sinn tekin upp í kjarasamning málsaðilja ákvæði um kaup matreiðslunema og greiðslur til þeirra fyrir „aukavinnu (eftir- og næturvinnu)“. Aðiljar eru sammála um það, að við þá kjarasamningsgerð hafi álagspóknun til nema vegna vaktavinnu ekki borið á góma, og að framkvæmd þess samnings, sem gilti til 15. maí 1972, hafi verið á þá lund, að nemar hafi ekki fengið vaktavinnuálag. Þá eru málsaðiljar einnig sammála um það, að við samningsgerð 10. júní 1972, er samið var um nýjan kjarasamning, hafi vaktavinnu-

álag til matreiðslunema ekki heldur borið á góma, og þeir ekki eftir gildistöku nágildandi kjarasamnings fengið slíkt álag greitt. Segir stefnandi, að ástæðan til þess, að ekki hafi verið rætt um vaktaálagsgreiðslu til matreiðslunemanna við kjarasamningsgerðina 1972 hafi verið sú, að samningamönnum matreiðslumanna hafi verið algerlega ókunnugt um, að það væri nokkurt álitamál, hvort matreiðslunemar ættu rétt til vaktaálags, en nemarnir hafi ekki átt sérstakan fulltrúa við samningsgerðina. Hins vegar hafi það á engan hátt verið ætluð stefnanda að semja þenna sjálfsagða rétt af nemunum.

Svo sem að framan er rakið, var ekkert rætt um álagsgreiðslur til matreiðslunema, þegar samið var um vaktavinnu matreiðslumanna árið 1970 og sérstakt álag fyrir slíka vinnu. Matreiðslunemum var ekki heldur greitt neitt álag fyrir vaktavinnu á því samningstímabili, sem þá fór í hönd og ekki komu þá fram neinar kröfur um álagsgreiðslu af þeirra hálfu. Sama varð uppi á teningnum við kjarasamningsgerð málsaðilja í júní 1972 og eftir gildistöku þess samnings 10. júní það ár fengu matreiðslunemar ekki heldur vaktaálagsgreiðslur, og er það ekki fyrr en hálfu ári síðar, í desembermánuði síðastliðnum, að Iðnnemasambandið tekur þetta mál upp við stefnda.

Þegar lítið er til þessara staðreynda, verður ekki talið, hvað sem líða kann almennum rétti til álagsgreiðslna, þegar unnið er á vöktum utan venjulegs dagvinnutíma, að kjarasamningur málsaðilja frá 10. júní f. á. verði skýrður á þann veg, að stefndi hafi með ákvæðum hans samið sig undir skyldu til að greiða matreiðslunemum 33% álag á kaup, þegar þeir vinna á vöktum utan tímamarkanna kl. 0800 til kl. 1700 mánudaga til föstudaga, að báðum þeim dögum meðtöldum.

Samkvæmt þessu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Samband veitinga- og gistihúsaeygenda, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Ís-

lands, vegna Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna
f. h. Félags matreiðslumanna, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. júní 1973.

Nr. 6/1973. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h.**
Meistarafélags járníðnaðarmanna vegna
Vélsmiðju Jens Árnasonar h/f
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.
Félags járníðnaðarmanna
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Stéttarfélagi heimilt að banna félagsmönnum sínum
að vinna með utanfélagsmanni.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 9.
f. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Meistarafélags
járníðnaðarmanna vegna Vélsmiðju Jens Árnasonar h/f gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur í málinu:

1. að dæmt verði, að verkfall, sem hófst í Vélsmiðju Jens
Árnasonar h/f 2. maí og enn stendur yfir, sé ólöglegt,
2. að stefnda verði dæmt að greiða sekt vegna þessa ólög-
mæta verkfalls,
3. að dæmt verði, að stefndi beri bótaábyrgð á tjóni, sem
hlýzt af hinu ólöglega verkfalli og
4. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað
að skaðlausu eftir mati dómsins.